

Eyjafjarðardeild Rauða krossins, stjórnarfundur 8. nóv. 2022 í Ráðhúsinu á Dalvík.

Mættir: Sigríður Stefánsdóttir, sem stýrði fundi í forföllum formanns og varaformanns, Jón Baldvin Hannesson sem ritaði fundargerð, Kári Fannar Lárusson, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Kristjana Valgeirsdóttir, Þorsteinn K Björnsson. Auk þess sat fundinn deildarstjóri deildarinnar Ingibjörg Elín Halldórsdóttir.

1. Verslun Eyjafjarðardeildar á Dalvík.

Húsnæði deildarinnar á Dalvík skoðað og fræðst um starfsemina þar.

2. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2023.

Nauðsynleg gögn vegna fjárhagsáætlunarvinnu bárust seint frá landsskrifstofu og var áætlunin því ekki lögð fullunnin fyrir stjórnina en deildarstjóri gerði grein fyrir henni í meginatriðum og helstu málum sem stjórnin þarf að taka ákvarðanir um, svo sem um framlög til helstu verkefna deildarinnar, neyðarbeiðna og viðhalds húsnæðis. Deildarstjóra er falið að ganga endanlega frá áætluninni í samræmi við umræður á fundinum. Áætluninni þarf að skila í síðasta lagi 15. nóvember.

3. Þarfagreining á Eyjafjarðarsvæðinu og stefnumörkun.

Umræðum um þessi mál var haldið áfram frá því sem frá var horfið á stjórnarfundum fyrir ári. Kristín rifjaði upp vinnu frá síðasta ári og leiddi frekari samræður. Góð umræða og ákveðið að funda með Róberti Theodórssyni, ráðnum starfsmanni í flóttamannamálum, um hvernig megi styrkja innflytjendur og flóttamenn félagslega. Ákveðið að halda annan fund um verkefni og áherslur mið. 23. nóv. kl. 17 að Viðjulundi.

4. Önnur mál.

Samfylking styrkti frú Ragnheiði um 200 þús. kr. Þetta eru Hvatningarverðlaun frá flokknum. Unnið hefur verið að kynningum og umsóknum um styrki. Óskað hefur verið eftir samningi við velferðarráð Akureyrarbæjar um árlegar styrkveitingar.

Patrekur Knudsen hefur verið ráðinn í hálf t starf við afleysingu sem húsvörður.